

byggðarinnar er þau lengst höfðu búið í, hér fyrir vestan haf, og fór alfarinn suður, til Halldóru dóttur sinnar og Björns Austfjörðs í Hensel í N. Dak., snemma á þessum vetri. Þaðan skrifar hann: — „Partur af sálinni er flúinn— En hvert? Það ættu prestarnir að vita— það vissu þeir gömlu.“— Þótt þetta sé í gamni sagt, er þó full alvara bak við orðin. Helmingur lífsgleðinnar, tilverunnar, er horfinn.

Börn þeirra hjóna er upp komust eru 4, öll myndarleg og skýr. Elías bóndi að Mountain í Dak., Friðrik kaupmaður í Wadena Sask., Halldóra kona Björns kaupmanns Austfjörðs í Hensel í Dak. og Þórður timburkaupmaður í Wadena í Sask.

Eggert er maður hár vexti, þrekvaxinn og var hið mesta karlmenni í æsku, ör í öllum hreyfingum, ríkur í lund upplífsfríður og djarfmannlegur, brúneygur og skýreygur, lítið eitt orðinn lotinn í herðum. Á gamalsaldri ber hann höfðinglegan svip. Hann er líkari fyrir að vera einn hinna fornu Vestfirðinga en nútíðar menn flestir. Skáldmæltur er hann vel sem frændur hans, og unað hefir hann af *ljóðum*. Hann er hugsana ríkur, myndinn og glaðvær, en kreddumaður enginn og mjög frjáls í skoðunum. Unitari hefir hann verið að skoðunum meiri hluta aldurs, og hendir oft ólaust gaman að orðaslysni bókstafs manna er þeir eiga í ræðum við hann. Hann er hreinskilinn og ógjarn á að sýnast, og ann því illa óráðvendni í orðum og gjörðum. Hann er víðlesinn og víðförull. „Endir ferða nærri“, segir hann í bréfi, og ræður það að líkum, þótt „Heimir“ voni, að enn sé alllangur spölur ófarinn. En því þorir „Heimir“ að spá, að fram á hinstu stund muni Vestfirzka víkingnum gamla aldrei bregða að mun, og glaður mun hann kveðja hvern mann, og glaður mun hann kveðja þenna heim, er hann að síðustu ýtir fram á ókunna sæinn.

